



## Erindisbréf

# Nefnd vegna fræðslumála LSS og SNS

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila í nefnd vegna fræðslumála LSS og SNS:

### Nefndina skipar:

Magnús Smári Smáráson, formaður LSS, [magnuss@lsos.is](mailto:magnuss@lsos.is) s: 691 1513

Sverrir Björn Björnsson, [sverrirb@shs.is](mailto:sverrirb@shs.is) s: 895 5787

Sveinbjörn Berentsson, [sveinbjornb@shs.is](mailto:sveinbjornb@shs.is) s: 862 3495

Fleiri aðilum bætt við eftir þörfum.

**Gildistími skipunar:** Maí 2020 – apríl 2021.

### Markmið nefndarinnar verða eftirfarandi:

- Að fylgja eftir bókun 5 í kjarasamningi LSS og SNS sem er svohljóðandi:  
*„BÓKUN 5 [2020] Fræðslumál. Aðilar eru sammála um að gera sérstakt átak í fræðslumálum slökkviliðsmanna til styðja við innleiðingu og framkvæmd reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018. Markmið aðila er bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi félagsmanna LSS. Liður í þessu átaki er að efla starfsmenntunarsjóð LSS. Aðilar munu einnig fara í sameiginlega endurskoðaða 10. kafla kjarasamnings með sérstaka áherslu á símenntun og viðbótarmenntun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Samstarfsnefnd SNS og LSS hefur frumkvæði í verkefninu. Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. apríl 2021 og gildir breyttur 10. kafli frá og með þeim tíma.“*
- Að efla og samræma vinnu og vinnubrögð LSS við starfsþróunarnefnd LSS og BSRB gagnvart SNS.

### Starfshættir

Formaður ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréfleg eða rafræn og send öðrum í vinnuhópnum, ásamt framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundað skal svo oft sem þurfa þykir. Halda skal fundargerð. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum en skilar fundargerðum til stjórnar. Nefndin getur eftir atvikum óskað eftir liðsinni starfsmanna LSS, stjórnarmanna eða annarra sem þeir telja geta veitt ráðgjöf. Stjórnarmenn LSS hafa rétt á að sitja fundi vinnuhópsins með málfrelsi og tillögurétt.

### Vonast er til að vinnuhópurinn skili eftirfarandi árangri:

- Að nefndin skili af sér skilvirku og gagnsæju ferli sem samningsaðilar geti stuðst við þegar meta á menntun og aðra þekkingu félagsmanna til launa.
- Að nefndin skili af sér skilvirku og gagnsæju ferli sem samningsaðilar geti stuðst við þegar meta á ábyrgð félagsmanna í starfi til launa.
- Að ferli við mat á nýrri þekkingu og menntun sé skilvirkt og traust.



## Fjármál

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá félagsmönnum. Nefnd þessi tilheyrir kjarasviði LSS og fá nefndarmenn greitt skv. ákvörðun stjórnar hverju sinni. Öll fjárútlát þarf að vinna í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra LSS.

**Starfsmaður nefndarinnar:** Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Reykjavík, 20. ágúst 2020

---

Magnús Smári Smáráson  
Formaður

---

Steinþór Darri Þorsteinsson  
Varaformaður